

H. Árnason ehf

“Öryggismál & tækifæri”


-Hjörtur Árnason.

Öryggismál hjá fyrirtækjum eru áhyggjuefni margra og þarft að fara yfir þau mál af alvöru og festu.

Fyrirtæki sem reka sína eigin netþjóna og innri netkerfi þurfa að verja netþjónanna gegn vírusárásum með öflugum vírusvarnarbúnaði sem ver einnig útstöðvar fyrirtækisins. Staðbundnir eldveggir með innbyggðum vírusvarnarbúnaði getur tryggt ennþá betur allar varnir.

Spjaldtölvur og símar starfsmanna eru í hættu. Þráðlaus net eru oft á tímum ekki nægjanlega örugg.

Hvað er í boð?

 **Trend Worry-Free** vírusvörn á netþjóna og útstöðvar er það sem við mælum með. Margir af okkar viðskiptavinum eru nú þegar með þessa frábæru lausn og sofa því rólega.

 Microsoft Intune

Microsoft Intune er miðlægt kerfi frá Microsoft, þar sem notendur með spjaldtölvur, síma og einnig annan tölvubúnað, geta skráð sig inn. Kerfið fylgist með ástandi tækisins, þ.e. hvort að það vanti uppfærslur og tækið sé á einhvern hátt ótryggt. Hægt er að útbúa regluverk utan um aðganga og t.d. tryggja að ef síma eða spjaldtölvu verði stolið að endursetja lykilorð og einnig hreinsa út af símanum ef því er að skipta. Mjög öflugt kerfi.

 Þessu til viðbótar eða eitt og sér, þá mælum við með **Sandblast Mobile Security (SMS)** fyrir Android og iOS stýrikerfi á spjaldtölvur og síma. Kerfið er í líkingu við Microsoft Intune, nema að hérna er á ferðinni sjálfstætt Vírusvarnar kerfi frá CheckPoint. Aðgangar eru skráðir inn í kerfið og SMS miðlæg stjórnun hefur yfirsýn um ástand tækjanna. Stóri kosturinn er sá að SMS tryggir tækið gegn vírusum,

malware og bot hugbúnaði sem getur komið inn á tækið við streymi á internetinu. Stór fyrirtæki eru að nota í dag SMS og Microsoft Intune í samruna með góðum árangri. Hérna er á ferðinni **Zero-Day Virus** vörn á spjaldtölvur og síma. Fleiri lausnir eru t.d. frá Microsoft (m.a. Cloud App Security, Advanced Threat Analytics, Windows Defender ATP, O365 ATP)



CheckPoint eldveggir er staðbundið tæki sem er komið fyrir á milli Beinis (Router) og innra netkerfi fyrirtækisins. Eldveggurinn tekur á IPS (intrusion prevention System), skannar umferð um netið og metur veikleika þess. Með eldveggjunum er oftast tekin áskrift **Next Generation Threat Extraction** sem er vírusvarnarkerfi eldveggisins og tekur á Url, Application, Malware og Bot hreinsun, Email Spam o.fl. Eldveggurinn hefur öflugt umsjónarkerfi þar sem hægt er að fylgjast með og meta ástand net umferðarinnar, setja upp reglur um umferð o.fl. Hægt er að fá CheckPoint eldveggi með sínu eigin þráðlausu neti og einnig hægt að fá PoE eldveggi sem getur komið sér vel.

Þráðlausir net punktar t.d. eins og **Unify**, bjóða upp á að setja upp einangrað þráðlaust net (Hotspot – Gestanet) frá innra neti fyrirtækisins. Öll tæki sem ekki þurfa beinan aðgang að gögnum fyrirtækisins á innra neti ættu að tengjast gesta netinu.



Bestu kveðjur

Hjörtur Árnason, H. Árnason ehf.

www.harnason.is hjortur@harnason.is